



Menntun faggreinakennara

Hæfni kennara og leiðir í menntun
málstofa Menntavísindasviðs

3. júní 2010

Eiríkur Rögnvaldsson



Hvað hef ég komið nálægt kennaramenntun?

- Erindi um hlutverk Heimspekideildar í kennaramenntun 1982
- Frumkvæði að viðbótarnámi fyrir kennara 1988
- Í kennaramenntunarnefnd frá upphafi 1988
- Frumkvæði að nýrri námsskipan í íslensku 1989
- Í verkefnishópi um kennaramenntun í sameinuðum háskóla 2007
- Kennslubækur í hljóðfræði, hljóðkerfisfræði og orðhlutafræði 1983-1989



Íslenska í Heimspekideild

- Gagnfræða- og menntaskólakennaraskóli
 - aðeins cand.mag./mag.art-próf eftir 6-7 ár
- BA-próf 1965
 - 6 stig (stig \approx 30 e), 2-4 greinar, hámark 3 stig í grein
 - 3+3 stig, 3+3+1, 3+1+1+1
- Einingakerfi 1977
 - 120 einingar í aðalgrein, 60 í aukagrein
 - möguleiki á 180 einingum í aðalgrein frá 1983



Tillit til kennaramenntunar

- BA-próf upphaflega ekki hugsað sem lokapróf
 - hentaði því ekki vel sem undirbúningur kennslu
- Lagaðist nokkuð með einingakerfi 1977
 - og smávægilegum lagfæringum næstu árin
- Verulega breytt námsskipan 1989
 - áhersla á yfirsýn í málfræði og bókmenntum
- Viðbótarnám fyrir kennara 1988
 - nokkur námskeið, án sérstakrar gráðu
- M.Paed.-próf 1990



Úr erindi frá 1982

- Ég held að greinar Heimspekideildar verði að hafa frumkvæði að samvinnu við uppeldisfræðina um kennslufræðimenntun sem hæfi hverri grein. Fyrsta skrefið gæti verið [...] að fá einstaka hagnýta þætti metna sem hluta uppeldis- og kennslufræðinámsins; en síðan mætti halda áfram og taka upp nýja þætti, annaðhvort innan einstakra greina Heimspekideildar eða sameiginlega með mörgum greinum. Sem dæmi mætti hugsa sér þátt um tungumálakennslu sem sameiginlegur væri öllum tungumálagreinum Heimspekideildar.



Undirbúningur undir kennslu

- BA-próf í íslensku er ófullnægjandi undirbúningur undir framhaldsskólakennslu í greininni
- Á 9. áratugnum fóru fáir í framhaldsnám í íslensku og fæstir þeirra í kennslu að því loknu
- Því var tekið upp viðbótarnám eftir BA-próf 1988 og svo M.Paed.-nám 1990
- Allmargir starfandi kennarar hafa komið í M.Paed.-nám



Menntun framhaldsskólakennara - reglugerð

- Í meistaraprófi frá háskóla skal uppeldis- og kennslufræði eigi vera minna en 60 staðlaðar námseiningar og faggrein eigi vera minna en 180 staðlaðar námseiningar í aðalkennslugrein. Þar af skulu að jafnaði vera a.m.k. 60 námseiningar í faggrein á meistarastigi.
- Kröfur í aðalkennslugrein hækkaðar úr 120e
- Ný krafa um 60e í faggrein á meistarastigi



Verkefnishópur um kennaranám

- Verkefnishópur um skipulag og framkvæmd náms á nýju menntavísindasviði Háskóla Íslands
 - starfaði seinni hluta árs 2007, þrír frá hvorum skóla
 - upphaflega ekki gert ráð fyrir faggreinakennara
- Fyrirfram ákveðið að KHÍ kæmi inn sem ein heild
 - í stað þess t.d. að hafa eina sameinaða íslenskudeild
- Sameiningarhugmyndir auðvitað ekki nýjar
 - Heimspekideild lagði t.d. til sameiningu árið 1977
 - í umsögn um frumvarp til laga um KHÍ



Umsögn Hspd. um frumvarp um KHÍ, 1977

- Þau rök að KHÍ sé ætlað að mennta kennara fyrir grunnskóla, en heimspekideild (og ýmsum öðrum deildum HÍ) kennara fyrir framhaldsskóla, duga engan veginn til þess að réttlæta aðskilnað þessara stofnana: Verksvið KHÍ nær yfir hluta af verksviði heimspekideildar og raunar einnig ýmsra annarra deilda [...] Það eru því engin fræðileg rök sem mæla með aðskilnaði þessara skóla – hins vegar eru til mörg rök, bæði fræðileg og hagnýt sem mæla með sameiningu þeirra.



Kennaramenntun á sérstöku sviði

- Hvers vegna ekki alger sameining
 - í stað þess að halda KHÍ sem sérstöku sviði?
- Áhyggjur af stöðu kennaramenntunar
 - hlutur hennar yrði fyrir borð borinn
 - hún yrði aukaatriði í starfi deildanna
 - heildarsýn og utanumhald myndi skorta
- En er það svo víst?
 - ég held þvert á móti að kennaramenntun gæti eflst



Sameining frá byrjun

- Nú velja nemendur í upphafi háskólanáms
 - hvort þeir stefna á kennslu eða ekki
- Fæstir sem fara í íslensku stefna á kennslu
 - en margir „lenda“ samt í kennslu fyrr eða síðar
- Mætti ekki hafa kennaranám samhliða öðru
 - alveg frá byrjun, í ýmsum deildum?
- Það myndi auka flæði í báðar áttir
 - sem væri öllum til góðs
- Verulegur hluti M.Paed.-nema kemur úr KHÍ



Úr skýrslu verkefnishóps

- Meirihluti hópsins leggur áherslu á mikilvægi þess að ábyrgð menntavísindasviðs á öllu því námi sem skilgreint er beinlínis sem kennaramenntun verði ótvíræð innan hins sameinaða háskóla. Minnihlutinn (Eiríkur Rögnvaldsson) telur hins vegar að ekki komi til greina að umsjón og ábyrgð M.Paed.-náms flytjist til menntavísindasviðs að svo stöddu, m.a. vegna þeirra fjárhagslegu áhrifa sem slík tilfærsla hefði að óbreyttu deililíkani þar sem verulegar fjárhæðir færðust frá faggreinum til menntavísindasviðs.



Rammi um menntun íslenskukennara

Hugmynd að ramma
um menntun íslenskukennara
í framhaldsskólum

Nám á Menntavísindasviði

Nám á Hugvísindasviði

Nám skipt á milli sviða

<i>Gráða</i>	<i>B.A.</i>	<i>e</i>	<i>B.A.</i>	<i>e</i>	<i>B.A.</i>	<i>e</i>	<i>B.A.</i>	<i>e</i>	<i>B.Ed.</i>	<i>e</i>
<i>Grunn- nám</i>	Íslenska	180	Íslenska	120	Íslenska	120	Íslenska	120	Kennslufr.	80
			Aukagrein	60	Kennslufr.	60	Kennslufr.	60	Íslenska	80
									Annað	20
<i>Einingar</i>		180		180		180		180		180
<i>Gráða</i>	<i>M.Ed./M.A.</i>		<i>M.Ed./M.A.</i>		<i>M.Ed./M.A.</i>		<i>M.Ed./M.A.</i>		<i>M.Ed./M.A.</i>	
<i>Framhalds- nám</i>	Kennslufr.	60	Kennslufr.	60	Íslenska	120	Íslenska	60	Íslenska	100
	Íslenska	60	Íslenska	60			Kennslufr.	60	Val	20
<i>Einingar</i>		120		120		120		120		120
<i>Einingar</i>		300		300		300		300		300

Að lágmarki fjórðungur íslenskunáms á meistarastigi skal vera á hvoru sviði.



Að lokum

- Nauðsynlegt er að efla samstarf deilda og sviða
 - um menntun grunn- og framhaldsskólakennara
- Ýmsar formlegar hindranir eru fyrir samstarfi
 - þeim þarf að ryðja úr vegi
- Æskilegast væri að sameina faggreinakenndu
 - í stað þess að skipta henni milli sviða
- Mikilvægt er að efla endur- og símenntun
 - til að auðvelda kennurum að taka þátt í mótun og starfi síbreytilegs framhaldsskóla



Þökk fyrir áheyrnina

eirikur@hi.is

<http://uni.hi.is/eirikur>